

Gjaldskrá Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar og fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2024-2026

Umsagnir nefnda



Safna- og menningarmálanefnd – 1 (14.11.22)

Safna- og menningarmálanefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og gjaldskrár.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd – 2 (11.11.2022)

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við þá þætti sem snýr að starfsemi nefndarinnar í fyrirliggjandi Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar fyrir árin 2023-2026 og gjaldskrár.

Skóla- og fræðslunefnd – 3 (15.11.2022)

Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrá hvað varðar skólamál. Nefndin gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlun hvað varðar skólastarfsemi en vill leggja áherslu á að álögum á fjölskyldufólk sé haldið í lágmarki.

Skipulagsnefnd – 4 (9.11.2022)

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi áætlun og gjaldskrá.

Öldungaráð – 1 (28.11.2022)

Farið yfir fjárhagsáætlun sem snýr að málefnum eldra fólks. Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og gjaldskrár en gera þarf ráð fyrir að skipuleggja og gera viðeigandi breytingar á áætlun vegna breytinga sem verða varðandi starfsmenn á vegum sveitafélagsins á skólastíg 14 eftir flutning hjúkrunarrýma.

Æskulýðs- og íþróttanefnd – 1 (21.11.2022)

Fjárhagsáætlun samþykkt án athugasemda.

Hafnarstjórn – 1 (23.11.2022)

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og gjaldskrár. Hafnarstjórn leggur áherslu á að farið verði í uppbyggingu á hafskipsbryggju á árinu 2023 og 2024 í samræmi við fyrirliggjandi samgönguáætlun.

Ungmennaráð – 1 (29.11.2022)

Farið var yfir fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2023, með áherslu á fjárhagsáætlanir fyrir félagsmiðstöð, íþróttamiðstöð og tónlistarskóla. Ungmennaráðið vill leggja áherslu á aukið fjármagn til hópferðabifreiða fyrir félagsmiðstöðina X-ið.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd – 1 (17.11.2022)

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við þá þætti sem snýr að starfsemi nefndarinnar í fyrirliggjandi Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar fyrir árin 2023-2026 og gjaldskrár.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd – 1 (17.11.2022)

Velferðar- og jafnréttismálanefnd gerir ekki athugasemd fyrir sitt leyti við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og gjaldskrár.